



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 31. ágúst kl. 15.00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka tvö mál á dagskrá undir önnur mál og var það samþykkt, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 11. apríl 2011.

Farið yfir fundargerð. Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 17. maí 2011.

Farið yfir fundargerð og fundargerð samþykkt.

3. Sorphirða og flokkun í Reykhólahreppi.

Farið yfir þau tilboð sem hafa borist í sorphirðu og flokkun. Lagt er til að taka tilboði Gámaþjónustu Vesturlands, lausn 2. Nefndin telur að þannig sé sorpgjaldinu best varið. Athuga þarf samning við Hringrás.

4. Sorpsvæði Reykhólahrepps.

Ákveðið er vinna framkvæmdar og kostnaðaráætlun fyrir sorpsvæðin næstu þrjú árin og leggja hana fyrir hreppsnefnd á fundi hennar 13. október n.k. Samþykkt samhljóða.

5. Staðardagskrá í Reykhólahreppi.

Afgreiðsla hreppsnefndar frá 327. fundi þar sem samþykkt er að setja á stofn hóp um Staðardagskrá í Reykhólahreppi, tilnefning á fulltrúa í hópinn.

Nefndin telur eðlilegt að fá aðila í hópinn sem vann Staðardagskrá á sínum tíma. Ákveðið að bjóða aðilum þátttöku. Samþykkt samhljóða.

6. Grænfáni.

Nefndin skorar á skólana í Reykhólahreppi að taka þátt í Grænfánaverkefninu. Samþykkt samhljóða.

7. Ósk um samning um minkaveði í Reykhólahreppi.

Erindi fyrir hönd Reynis Bergsveinssonar dagsett 16. ágúst 2011.

Nefndin óskar eftir því að sveitarstjóri leggi fram skýrslu um minka og refaveiði síðustu árin. Málinu frestað til næsta fundar.

8. Gönguleiður um Langavatn.

Erindi Guðjóns D. Gunnarssyni dagsett 20. ágúst 2011.

Þegar er hafin vinna við endurnýjun á gönguleiðum að frumkvæði ferðamálafulltrúa hreppsins. Ábendingum komið á framfæri, nefndin mun taka þær til greina.

Mál til kynningar:

9. Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2011.

Bréf frá umhverfisráðuneyti dagsett 3. júní 2011.

Kynnt.

10. Þátttaka ungmenna í VII. Umhverfisþingi 14. október 2011.

Bréf frá umhverfisráðuneyti dagsett 30. júní 2011.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver). Löglega upp borin.

11. Girðingar innan þorpsins.

Nefndarmenn er hvattir til þess að kynna sér lög um girðingar fyrir næsta fund.

12. Rotþrær í Reykhólahreppi.

Rotþrær hreppsins hafa verið losaðar, ráðgert er að skipuleggja rotþróahreinsun á lögbýlum, sumarbústöðum og fyrirtækjum fyrir næsta sumar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____